

Brjef landshöfðingja til póstmeistarans út af þingsályktun 24. ágúst 1891, um útsending brjefa o. fl. — Útaf ályktun, sem samþykkt var í neðri deild alþingis í sumar sem leið, skal jeg brýna fyrir yður, herra póstmeistari, að gæta þess, að brjef þau, er viðtakendur innan Reykjavíkur hafa eigi hirt á póststofunni innan 12 stunda eptir komu pósts, sjeu send þeim tafarlaust þegar bústaður hlutaðeiganda er tilgreindur á póstsendingunni, eða yður er hann á annan hátt kunnur. Sömu leiðis vil eg eptir ósk tjeðrar þingdeildar skora á yður, þegar póstaðgreiðslu- eða brjefhirðingarsýslan losnar í kaupstað eða verzlunarstað, þá að gefa mönnum þar á staðnum kost á að sækja um sýslanina að svo miklu leyti sem búizt verður við, að það hafi nokkurn árangur, sem og að annast um, að mönnum sje gefinn kostur á að gjöra tilboð um að taka að sjer póstferðir og aukapóstferðir, þegar þarf að fá nýja menn til þess starfa. Þar sem optnefnd þingdeild loks hefur farið fram á, að póstum sje gjört að skyldu að koma við og skila brjefum og veita brjefum móttöku á nokkrum stöðum milli póstaðgreiðslu- og brjefhirðingastada eptir nánari tillögum sýslunefnda. Þá fæ jeg ekki sjeð, að slíkar tillögur geti orðið teknar til greina, nema því að eins, að viðkomustaðir þeir, sem stungið er upp á, sjeu í rjettri leið póstsins, og að viðkomurnar ekki dvelji fyrir ferð hans að neinum mun.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um kirkjugarðsstæði fyrir Fróðársókn. — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef stiptsyfirvaldanna dags. 18. f. m. viðvíkjandi kirkjugarðsstæði fyrir Fróðársókn, hef jeg veitt samþykki mitt til, að kirkjan og kirkjugarðurinn verði byggð í túnjadrí Ólafsvíkur, á rústum hinna nýaflögðu búða Grimsbúðar, Björnsbúðar og Steinsbúðar, þar sem sóknarnefndin hefur æskt eptir kirkjugarðsstæði, þó með því skilyrði að söfnuðurinn leggi vel umgirtan stig að kirkjugarðinum, og viðhaldi honum. Umboðsmanni Arnarstapa og Skógarstrandarumboðs hefur verið ritað hið nauðsynlega hjeraðlútandi, og verður það kostnaðarlaust fyrir Fróðársókn, þó að eptirgjald eptir Ólafsvík kunni að verða lækkað vegna grasnáms við bygging kirkjugarðsins á framangreindum rústum.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, um kostnað hreppstjóra við band á Stjórnartíðindum o. fl. — Með þóknanlegu brjefi dags. 16. nóv. f. á. hafið þjer, herra sýslumaður, samkvæmt ósk hreppstjórans í Ljósavatnshreppi, Jóns Sigurgeirssonar, lagt þá spurningu fyrir mig, nægur tími, þá má lengja hann síðar. Á hinn bóginn þykir okkur eigi þörf á, að stjórnarstofa landsbankans sje lengur opin en að undanfögnu, nema þegar mikil aðsókn kynni að gjöra það nauðsynlegt.

Reykjavík 18. jan. 1892.

B. Kristjánsson. Eiríkur Briem.

* Jeg er þessu álitu gæzlastjóranna með öllu samþykkur.

Reykjavík 20. jan. 1892.

L. E. Sveinbjörnsson.